



Alþingi  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2010

### **Efni: Frumvarp til laga um Íslandsstofu, 158. mál**

Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra skiluðu 4. desember sl. umsögn til utanríkismálanefndar um frumvarp þetta. Þar er tekið jákvætt í þær breytingar sem ætlunin var að gera á starfi Útflutningsráðs Íslands með stofnun Íslandsstofu að gefnum tilteknum forsendum.

Þessar forsendur eru að forysta atvinnulífsins í stjórn Íslandsstofu verði ótvíræð, að raunverulega fylgi fjármagn frá hinu opinbera þeim verkefnum sem ætlunin er að bætist við núverandi starf Útflutningsráðs og að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögum um skipan ferðamála.

Jafnframt var því lýst í bréfinu hvernig það starf sem núverandi starfsemi Útflutningsráðs byggir á varð til á vegum atvinnulífsins og að það hafi alla tíð haft forystu um rekstur og uppbyggingu starfseminnar bæði um gjaldstofna og stjórn. Jafnan hafi til þessa verið gott samstarf milli stjórnvalda og atvinnulífsins um mál þessi.


Nú er hins vegar svo komið að frumvarpið var lagt fram á Alþingi án samráðs við atvinnulífið og þar gert ráð fyrir að stjórnarformaður verði skipaður af ráðherra. Nú liggur nefndarálit utanríkismálanefndar jafnframt fyrir og þar er gert ráð fyrir að fulltrúum hins opinbera í stjórn verði fjölgað um tvo og að fulltrúar atvinnulífsins verði í algerum minnihluta í stjórn Íslandsstofu. Með tillögum utanríkismálanefndar eru jafnframt gerðar enn frekari breytingar í átt til stofnanavæðingar Íslandsstofu.

Samtök atvinnulífsins mótmæla þessum tillögum harðlega og leggja til að öllum breytingum á lögum um Útflutningsráð Íslands verði slegið á frest meðan unnið verði að því að ná heildarniðurstöðu og sátt um leiðir að þeim markmiðum sem ætlunin er að ná og samstaða hefur verið um.


Verði frumvarpið að lögum með breytingartillögum utanríkismálanefndar lýsa Samtök atvinnulífsins yfir því að þau munu segja sig frá þátttöku í starfi Íslandsstofu. Jafnframt munu SA við fyrstu hentugleika krefjast þess að tryggingagjaldið verði lækkað um 0,05% enda fráleitt að leggja gjald á tryggingagjaldsstofn til að fjármagna einstakar ríkisstofnanir, sú fjármögnun hlýtur að koma af fjárlögum.

Virðingarfyllst,


Samtök atvinnulífsins




Samtök ferðaþjónustunnar




Samtök iðnaðarins




Landssamband íslenskra útvegsmanna



SVP-Samtök verslunar og þjónustu



Samtöa fiskvinnslustöðva



Samrit:

Össur Skarphéðinsson,  
utanríkisráðherra

Katrín Júlíusdóttir,  
iðnaðarráðherra

Iðnaðarnefnd Alþingis